

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Tryggingarsjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1989, efnahagsreikningi 31. des. 1989, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar álit gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1989.

Reykjavík, 13. febrúar 1990.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands

Áritun stjórnar

Reykjavík, 26. febrúar 1990,

Ólafur Örn Ingólfsson
Arnljótur Björnsson

Valur Valsson

Staðfesting viðskiptaráðherra

Viðskiptaráðuneytið, 27. mars 1990.

Jón Sigurðsson.

Nr. 147

30. mars 1990

AUGLÝSING**um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1030 frá 1. apríl 1990 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 30. mars 1990.

F. h. r.
Atli Freyr Guðmundsson.

Tryggvi Axelsson.